

Ársskýrsla um starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum 2021

Skipan

Mennta- og barnamálaráðherra skipar fagráð eineltismála til þriggja ára í senn og var fagráðið fyrst skipað 9. mars 2012. Núverandi skipunartímabil er frá 13. febrúar 2021 til 12. febrúar 2024. Fagráðið er þannig skipað: Aðalmenn: Sigrún García Thorarensen formaður, Eiríkur Þorvarðarson og Sigurbjörg Sigurpálsdóttir. Varamenn: Björg Jónsdóttir, Ólöf Helga Þór og Þorlákur Helgi Helgason.

Hlutverk

Hlutverk fagráðs eineltismála er að:

- vera stuðningsaðili við skólasamfélagið í grunn- og framhaldsskólum sem m.a. getur falist í almennri ráðgjöf, leiðbeiningum eða upplýsingagjöf.
- ná ásættanlegri úrlausn í eineltismálum og gefa út ráðgefandi álit þar að lútandi á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem ráðinu berast um hvert og eitt mál.

Hægt er að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast. Þeir sem geta leitað til fagráðsins eru nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsfólk grunn- og framhaldsskóla. Einnig aðrir aðilar sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tólmstundastarfi sem hefur stöð í grunn- eða framhaldsskólalögum.

Lagastoð

Fagráð eineltismála starfar á grundvelli 4. mgr. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 6. mgr. 33. gr. b. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla með síðari breytingum. Hlutverk þess hefur verið nánar útfært í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 og reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016.

Lög um breytingu á lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla nr. 102/2021 voru samþykkt á Alþingi 25. júní 2021. Lögin miða að því að styrkja lagastoð fagráðs og kveða á um skýrari heimildir þess til að vinna með persónuupplýsingar. Til samræmis við ákvæði barnaverndarlaga er heimild til að takmarka aðgang aðila að gögnum ef talið er að slíkt geti skaðað hagsmuni barns. Einnig er í lögum fjallað um skipan fagráðsins og hæfnikröfur sem gerðar eru til þeirra sem fagráðið skipa. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun eða öðrum aðila að annast umsýslu fagráðsins. Fagráðið telur að ofangreind lagabreyting auðveldi og festi enn frekar í sessi vinnu fagráðs í þessum viðkvæma málaflokki.

Innri starfsemi fagráðs eineltismála – endurskoðun á vinnureglum

Fagráð eineltismála samþykkti á fundi sínum 26. ágúst 2021 endurskoðaðar vinnureglur við vinnslu ráðgefandi álits. Breytingarnar frá fyrri reglum lúta aðallega að skýrari uppsetningu og breytingum vegna gildistöku laga nr. 102/2021 og fl. Að fenginni reynslu við vinnslu mála þykir nauðsynlegt að afla upplýsinga frá skóla og í sumum tilvikum líka frá viðkomandi skólaskrifstofu til að fá skýrari og nákvæmari upplýsingar áður en ákvörðun er tekin um vinnslu máls.

Fundir fagráðs

Alls voru haldnir 39 fundir á árinu 2021. Þar af voru 14 fastir fundir fagráðs sem eru að öllu jöfnu haldnir hálfsmánaðarlega, skv. verklagsreglum. Þeir fundir sem út af standa eru vinnufundir,

samtalsfundir og aðrir fundir í vinnu einstakra mála. Þá voru 5 fundir haldnir af fráfarandi fagráði, sem lauk við vinnslu þeirra mála sem voru óafgreidd áður en nýtt fagrád var skipað.

Yfirlit fjölda tilvísana, og útgefin ráðgefandi álit

Ár	Tilvísanir	Útgefin ráðgefandi álit	Vísað frá	Ráðgjöf	Frh.sk.	Mál í vinnslu
2012-2014	17	13	4			
2014-2017	8	7	1			
2018	1	1			1	
2019	2	2			1	
2020	9	4	1			
2021	8	4	2*	4**		4

Til skýringa: Vísun mála til fagráðs voru átta á árinu 2021, en á árinu lauk fagrád vinnslu fimm mála sem var vísað til þess á árinu 2020.

Fjármál

Kostnaðaráætlun fagráðs fyrir árið 2021 var samtals 6 millj. kr. Þar af voru 4 millj. kr. ætlaðar í þóknun og 2 millj. kr. í annað (ferðakostnað málsaðila á fund fagráðs, ferðir fagráðs og annað tilfallandi). Fagráðið fundar að öllu jöfnu tvisvar í mánuði en getur fundað oftast ef þurfa þykir, skv. verklagsreglum. Hver nefndarmaður fær greiddar 25.000.- kr. fyrir hvern fund sem skilgreindur er sem fundur í klukkutíma og tveggja tíma vinna á milli funda. Formaður fagráðs fær greiddar 37.500.- kr. fyrir hvern fund og sömu upphæð fær sá aðili sem er í forsvari máls.

Kostnaður vegna fagráðs eineltismála árið 2021 var 4.736.503.- kr. sem skiptist þannig:

Þóknun til fagráðs	3.650.000
Greiðsla til Heimilis og skóla vegna umsýslu með degi gegn einelti, skv. samningi	1.000.000
Fundaaðstaða og veitingar	54.981
Þýðing á kynningarbæklingi	31.522
Samtals	4.736.503

Gegneinelti.is

Fagrád er þeirrar skoðunar að vefur fagráðs gegneinelti.is sem fór í loftið 20.4.2020 og geymir upplýsingar og góð ráð um eineltismál hafi nýst skólasamfélaginu vel, aukið vitund og þekkingu á eineltismálum með hag og vellíðan nemenda að leiðarljósi. Fyrirhugað er að uppfæra upplýsingarnar og útlit vefsíðunnar á árinu 2022.

Kynningarbæklingur fagráðs

Kynningarbæklingur fagráðs er rafrænn og var birtur á heimasíðu Menntamálastofnunar 13. janúar 2021. Athygli skólasamfélagsins var vakin á honum með dreifibréfi. Kynningarbæklingurinn var síðan endurútgefin í október 2021 og um leið þýddur á ensku og pólsku og dreifibréf sent til kynningar á honum. Í dreifibréfinu hvatti fagráðs m.k. starfsfólk skóla til að sýna börnum myndbandið Stöndum saman sem er á vefnum gegneinelti.is og koma því á framfæri við foreldra.

Dreifibréf og grein:

Dreifibréf - 19. október 2021: Kynningarbæklingar og upplýsingar um fagráðið.

Grein formanns fagráðs eineltismála í tímariti Heimilis og skóla - september 2021

Dreifibréf - 31. ágúst 2021: Upplýsingar um fagráðið og gegneinelti.is

Fyrirspurnir-ráðgjöf

Fyrirspurnum sem berast fagráði eineltismála er svarað af starfsmanni eða einhverjum úr fagráðinu, allt eftir eðli fyrirspurnarinnar. Í flestum tilvikum eru það foreldrar sem hafa samband og felst ráðgjöfin fyrst og fremst í því að leiðbeina um æskilegar boðleiðir og hvað er hægt að gera í einstökum málum. Málin sem um ræðir eru að meginhluta þess eðlis að fyrirspyrjanda er bent á að vísa málinu formlega til fagráðs. Tveimur þeirra mála sem um ræðir var vísað til fagráðs. Af 19 skráðum fyrirspurnum tengdust 5 þeirra framhaldsskólum.

Rafræn vísun máls til fagráðs

Í byrjun ársins var hafin vinna til undirbúnings því að hægt verði að vísa málum til fagráðs í gegnum vefinn Island.is. Í tengslum við það er uppleggið þannig að börn undir 18 ára geti vísað málum til fagráðs, hugsanlega með Íslykli eða tölvupósti. Málið er í vinnslu innan Menntamálastofnunar, en það á eftir að ákveða hvaða leið verður valin til að varðveisla erinda verði tryggð, annað hvort með tengingu við málaskrá eða sérstaks gagnagrunns með varðveislulausn. Vonast er til að niðurstaða fái sem allra fyrst í þessu brýna máli.

Fundaaðstaða

Í byrjun árs var gert samkomulag við Domus Mentis um leigu á aðstöðu fyrir samtalsfundi þar sem húsnæði Menntamálastofnunar þykir ekki henta til slíkra funda.

Hvatningarverðlaun dags gegn einelti

Heimili og skóli hefur umsjón með degi gegn einelti skv. samningi við Menntamálastofnun. Fagráð eineltismála var beðið um að velja verðlaunahafa hvatningarverðlauna dagsins, sem ráðuneytið veitir, úr innsendum tilnefningum eins og í fyrra. Fagráðið valdi Guðríði Aadnegard umsjónarkennara og náms- og starfsráðgjafa við Grunnskólann í Hveragerði sem verðlaunahafa. Voru verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn í Rimaskóla þar sem formaður fagráðs Sigrún García Thorarensen flutti ræðu f.h. fagráðs.

Erindi umboðsmanns barna og fleiri til ráðuneytisins vegna úrræða í eineltismálum

Í kjölfar þess að umboðsmanni barna höfðu borist margar ábendingar og fyrirspurnir er varða einelti í grunnskólum þá boðaði embættið til fundar 19.4.2021 með fulltrúum frá ráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Grunni – félagi fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Kennarasambandi Íslands og fagráði eineltismála. Í kjölfar fundarins var síðan bréf dags. 7.6.2021 sent ráðuneytinu frá umboðsmanni og fleiri hagaðilum þar sem vakin var athygli á að frekari úrræða væri þörf til að aðstoða skólasamfélagið í eineltismálum og þegar um erfið samskipti væri að ræða. Í erindinu var einnig bent á mikilvægi þess að skólar fái stuðning við gerð eineltisáætlana en það er algengt að skólar leiti til fagráðsins með beiðni þar að lútandi. Í því sambandi má nefna að leiðbeiningar um gerð eineltisáætlana eru að finna á vefnum gegneinelti.is. Fagráð eineltismála hafði stuttu áður átt fund með umboðsmanni barna vegna sama máls. Í framhaldi af ofangreindu hélt ráðuneytið fund 2.9.2021 með fagráðinu og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Niðurstaða þess fundar var að skoða þyrfti umbætur til að tryggja það að aukin áhersla væri á forvarnir og fræðslu. Mikilvægt væri að grípa fyrr inn í einstök eineltismál og stuðla þyrfti einnig að farsælli samskiptum heimila og skóla í einstökum eineltismálum.

Samantekt

Fagráð hefur í vinnslu mála tekið eftir því að vegna covid þá hafa verið takmarkanir í þeim lausnum sem skólar hafa haft í erfiðum samskipta- og eineltismálum eins og t.d. námskeið, fyrirlestra, ráðgjöf og viðtöl. Fagráð telur brýnt að vekja athygli á því að það eru þyngri mál nú sem eru að koma inn á borð þess. Oft eru mikil vandamál hjá nemendum, t.d. vegna fjölþætts vanda þeirra og fá úrræði til staðar,

sérstaklega á landbyggðinni sem hefur oft á tíðum verri aðgang að þjónustu og þar spila flókin fjölskyldutengsl oft inn í málin. Foreldrar eru oft á tíðum í mikilli vanlíðan og komnir með lögfræðing í málið, sem er ekki gott barnsins vegna. Þetta getur gert vinnu fagráðs erfiðari og auk þess að setja málsaðila í enn meiri vörn. Fagráðið telur ljóst að mikilvægt sé að grípa inn í eineltismál áður en þau eru komin í þrot hjá skólum og sveitarfélögum. Jafnframt skiptir miklu máli að skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hafi aðgang að þar til bærum sérfræðingum áður en eineltismál eru komin á það stig að trúnaðarbrestur hefur orðið á milli foreldra og skóla og foreldrar farnir að huga að flutningi úr sveitarfélaginu. Mikilvægt er að styðja aðila skólasamfélagsins við meðferð eineltismála og efla sveitarfélög í fræðslu og úrvinnslu þeirra. Með vísan til ofanritaðs þá má segja að umboðsmaður barna og fleiri aðilar sem hafa hag barna að leiðarljósi hafi gert sitt til að koma því brýna verkefni af stað að gera betur í eineltismálum. Þessir aðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að grípa inn í eineltismál fyrr og í þessu sambandi má nefna að fagráðinu er kunnugt um að vinna er hafin hjá ráðuneytinu til úrbóta en ekki hver niðurstaðan verður. Fagrád er þeirrar skoðunar að erfið samskiptamál þurfi að skoðast heildstætt og ekki sé vænlegt til árangurs að taka eineltið út fyrir sviga. Vandamálin fléttast oft saman og kerfin þurfi að bregðast við samkvæmt því og í samvinnu við hvert annað. Oft er unnið að málum í skólunum en foreldrar eru samt ekki sáttir. Auk þess sem foreldrar viðhafa oft á tíðum óraunhæfar kröfur eins og það að reka kennara og/eða skólastjórnendur. Yfirleitt er auðveldara fyrir foreldra að ráðgjöf komi frá hlutlausum aðilum frekar en skólanum sjálfum sem þau upplifa að sé ekki að standa sig. Nauðsynlegt er að ráða fleiri fagstéttir inn í skólana, svo sem iðjuþjálfar, þroskaþjálfar, sálfræðinga og skólafélagsráðgjafa. Þessar fagstéttir þyrftu að starfa í skólanum sjálfum og vera þannig beintengd við það sem er að gerast þar í stað þess að vera í fjarlægð á þjónustumiðstöð. Skólar eru að kljást við tímaleysi og þá vantar fjármagn. Vandí getur verið að fá skólana til að innleiða og fylgja eftir góðum áætlunum vegna meints tímaleysis og skorts á fjármagni. Stoðþjónusta skólanna nær engan veginn að fylgja öllum þeim verkefnum eftir sem verið er að stuðla að. Einnig vil fagráðið áréttta við ráðuneytið þá skoðun sína að sá fjárhags- og tímarammi sem fagráði er settur leyfir ekki að lögð sé áhersla á forvarnir og fræðslu, eins og skólasamfélagið gerir réttilega kröfu til. Fagráðið leggur áherslu á það við ráðuneytið að það er alltaf tilbúið til að koma að borðinu og ræða úrbætur í þessum brýna málaflokki.